

UMSÖGN
um mál nr. 236 á þingskjali nr. 256 um skipafriðunarsjóð

Víkin-Sjóminjasafnið í Reykjavík ses þakkar fyrir að fá tækifæri til þess að veita umsögn um þingsályktun um skipafriðunarsjóð og leggur eindregið til að hann verði stofnaður. Safnið leggur til að sjóðurinn verði ekki eingöngu til verndunar fiskiskipa. Mörg önnur skip eiga sér merka menningarsögu og mikið varðveislugildi.

Greinagerð:

Víkin-Sjóminjasafnið í Reykjavík ses vill minna á að til stendur að fela safninu varðveislu og rekstur varðskipsins Óðins. Það er gríðarlega metnaðarfullt verkefni að taka við því merkilega skipi, en jafnframt kostar það heilmikið að viðhalda slíku fleygi.

Þá hafa Faxaflóahafnir í hyggju að framtíðarlega dráttarbátsins Magna verði við Víkina-Sjóminjasafnið, eða við sömu bryggju og varðskipið Óðinn. Magni var fyrsta stálskipið sem smíðað var hér á landi og er því merkilegur vitnisburður um verkunnáttu Íslendinga varðandi skipasmíðar, þó að hann hafi ekki verið fiskiskip.

Þegar hafa Faxaflóahafnir útbúið nokkurskonar „skipakví“ þar sem Danielslippur var (við hliðina á Víkinni) og þar hefur hinu fræga aflskipi Binna í Gröf, Gullborginni, verið valinn staður.

Óhætt er því að segja að vísir að skipasafni sé kominn við Víkina-Sjóminjasafnið. Við bendum á að öll eru skipin ólíkrar gerðar með mismunandi tilvísanir í atvinnusögu okkar, en þurfa öll að eiga möguleika til varðveislu og þess vegna að geta notið styrkjar úr skipafriðunarsjóði.

Þá má geta þess að í safninu var í fyrravetur (2006-2007) smíðaður árabáturinn Örlygur fyrir safnið á Hnjóti, en fyrirmynd hans er Ingjaldur sem sökk var undir Hannesi Hafstein og félagum á Dýrafirði 1899.

Nýlega fékk Víkin-Sjóminjasafnið sent bréf og spurningarlista, um varðveislu sögulegra skipa, frá forstjóra Sjóminjasafnsins í Gdansk í Póllandi. Eystrasaltslöndin í samvinnu við flest Norðurlandanna hafa myndað félagsskap um strandmenningu og sjóminjar, ekki síst um varðveislu menningarsögulegra skipa. Sannarlega væri gaman ef Ísland gæti svarað fljótlega og nýlega hefði verið samþykkt tillaga um skipafriðunarsjóð.

Við sendum flutningsmönnum tillögunnar sem og nefndarmönnum menntamálanefndar bestu kveðjur með einlægum óskum um að tillagan verði samþykkt.

Með vinsemi og virðingu



Sigrún Magnúsdóttir

Forstöðumaður Víkurinnar-Sjóminjasafnsins í Reykjavík ses